

1. Umferð um Suðurlandsveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Þrúðvang, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Þrúðvang skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Þingskálum, Útskálum, Laufskálum, Leikskálum og Hrafnskálum, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Umferð um Þingskála skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Heiðvangi, sbr. ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. maí 1982.

Sýslumaður Rangárvallasýslu, 1. mars 1982.

Böðvar Bragason.

26. mars 1982.

Nr. 156.

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 3 800 000,00 fyrir hvert ökutæki. Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 7 600 000,00.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 1982 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 281 9. júní 1981 um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

31. mars 1982.

Nr. 157.

SAMÞYKKT

**um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað,
nr. 165 16. maí 1974.
1. gr.**

Við 51. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi bæjarstjórnar, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn ákveður gjaldið fyrir leyfið, sem skal veitt til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 9.00 til kl. 23.30. Ákvæði 47. og 48. greinar taka til þeirra eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.